

Ísafjarðarbær
Helga Þuríður Magnúsdóttir
Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRDUR

Garðabær, 9. desember 2024
Málsnúmer: 202411-0030
LA

Efni: Jarðhitanýting í Seljalandshverfi - skipulagslýsing.

Við er í erindi frá Ísafjarðarbæ, dags. 19. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi vegna jarðhitanýtingar í Seljalandshverfi.

Breytingin felst í að nýtt iðnaðarsvæði verður skilgreint í Seljalandshverfi og íbúðarsvæði Í8 verður minnkað sem því nemur. Hið nýja iðnaðarsvæði verður eingöngu ætlað fyrir jarðhitaleit og nýtingu heitavatns. Breytingin felst einnig í að gert verður ráð fyrir stofnlögn hitaveitu frá vinnslusvæði í Seljalandshverfi og kemur hún m.a. til með að þvera hverfisverndarsvæði H6.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna. Eins og fram kemur í lýsingu er skipulagssvæðið utan verndarsvæða en neðan við svæðið er hverfisverndarsvæðið H6 og svæði á náttúruminjaskrá (C-hluti), Fjörur í botni Skutulsfjarðar (nr. 317). Fjörurnar eru víðáttumiklar, lífauðugar leirur með mikið fuglalíf. Leirur eru meðal mikilvægustu fæðusvæða vaðfugla hér á landi. Verndargildi leira er miðlungs hátt en ræðst af gerð þeirra eða undirvistgerð. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Náttúrufræðistofnun telur að kanna þurfi möguleg áhrif jarðhitanýtingar í Seljalandshverfi á leirurnar framan við ósa Tunguá þ.e. hvort affallsvatn jarðhitanýtingar berist út í fjöruna og hafi áhrif á lífríki leiranna? Þá þarf að vanda vel skipulag á lagnaleið hitaveitu frá vinnslusvæðinu þannig að svæði á náttúruminjaskrá verði ekki fyrir raski.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki fleiri ábendingar á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur